



Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

10-03-2025 16:38

Tungumál á Mínum síðum: IS

Skilmálar

Já, ég samþykki!



Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Ný starfsemi

Starfsemi hefst

22-04-2025

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Kría fargufa

Aðsetur starfsstöðvar

Gufunes

Póstnúmer aðseturs

112

Heimasíða

-

Nafn fyrirtækis

Vornótt ehf.

Kennitala fyrirtækis

5112242410

Lögheimili fyrirtækis

Grettisgata 13c

Póstnúmer fyrirtækis

101

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Brynja Dögg Friðriksdóttir

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Ekki í fasteign (lóðir, færanleg starfsemi, útihátíðir, vatnsverndarsvæði t.d.)

Staðsetning

Gufunes & færanleg staðsetning

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Hollustuhættir

Nánari lýsing á starfseminni

Kría fargufa er 6-8 manna fargufa (mobile sauna) sem staðsett verður á landi Spildu í Gufunesi, nærri Reykjavík Jetski. Fyrirtækið Vornótt ehf. (eigandi fargufunnar) og eigandi þess, Brynja Dögg Friðriksdóttir, mun bjóða upp á sánu fyrir almenning sambærilegri þeirri þjónustu sem þekkist hjá Rjúkandi fargufu við Skarfaklett og Ægissíðu, Sælukots sána á Ægisslíðu og Litla sánahúsið í Kópavogi. Eigandi eða starfsfólk á hennar vegum mun ávallt vera á svæðinu og gefa leiðbeiningar um notkun sánunnar, sjá um að veitingar séu í boði s.s. vatn og meðlæti. Eigandi og starfsmaður munu fara á skyndihjálparnámskeið og sjá til þess að öryggismál sé í topp lagi, en slökkvitæki og skyndihjálparkassi verða ávallt til taks á svæðinu. Fargufan er kynnt með Harvia finnskum viðarofni sem er sérstaklega hannaður fyrir sána og lýsing er knúin af sólarrafhlöðu sem er staðsett á þaki fargufunnar. Fargufan er því að öllu leiti "off the grid". Fargufan er hönnuð og framleidd af Scandinavian Sauna, og samkvæmt viðurkenndur evrópustöðlum er varðar byggingu, hönnun og frágang. <https://www.scandinaviansauna.dk/6-people> Fargufan er 6-8 manna og með búningasklefa fyrir framan sjálfa fargufuna (sjá meðfylgjandi ljósmyndir og teikningu). Inni í fargufunni eru bæði lágir og háir bekkir, raka og hitamælir, og auk þess stundarglas sem mælir 15 mínútur í einu. Gestir fargufunnar geta því bæði fylgst vel með hita og raka í fargufunni hverji sinni. Eigandi og starfsfólk mun alfarið sjá um að kynda viðarofninn og stýra hita á honum. Þess verður gætt í hvívetna að öll umgengni á svæðinu verði til fyrirmyndar fyrir viðskiptavinum fargufunnar sem og hinn almenna borgara sem á leið um svæðið. Eigandi og starfsfólk mun sjá til þess að hirða og flokka rusl sem kann að falla til á svæðinu (og skolast upp á land), og losa það á tilgreindum ruslflokkunarsvæðum s.s. í Sorpu. Myndun og losun mengandi efna í umhverfi = Engin losun í umhverfið fyrir utan brennslu í viðarofni. Spilliefni: Á ekki við Losun í fráveitu: Á ekki við Loftræsting: Loftræsting er í gegnum tvær hurðar á fargufunni og í gegnum loftræstiop á fargufunni sjálfri. Mótvægisáðgerðir vegna hávaða: Á ekki við, engin vélarhljóð eða hávaði af fargufunni. Öryggismál: Eigandi og starfsfólk mun ljúka 4 tíma skyndihjálparnámskeiði og endurnýja skírteini sín reglulega. Á staðnum verður slökkvitæki og sjúkrakassi. Á svæði Kríu fargufu í gufunesinu er fyrir sjósundsáðstaðan Katla sem byggð var af 1. árs nemum í LHI í samstarfi við Reykjavíkurborg vorið 2024. Fargufan mun verða mjög góð viðbóð við sjósundsáðstöðuna og gesti og gangandi í Gufunesi, og þeirra sem búa og starfa í nágrenninu. Ráðgert er að Kría fargufa komi til landsins og í Gufunesið 21. apríl næstkomandi og því er óskað eftir starfsleyfi fyrir fargufuna frá og með 22. apríl nk. Vinsamlega hafið samband við umsækjanda ef frekari upplýsinga er þörf.

Fylgigögn

Viðbótargögn

MOBILE SAUNA _ DESIGNED BY NATIVE NARRATIVE FOR SCANDINAVIAN SAUNA9.jpg,SCANDINAVIAN_SAUNA_19b.jpg,Sta_setning anna_sjo_narhorn.jpeg,Sta_setning fargufu merkt me_stjo_rnu.png,Sta_setning me_o_r.jpeg,Sta_setning merkt me_bleiku.jpeg,Harvia sa_nuofn.png,Bu_ningsklefi inn i_fargufunni.png,SCANDINAVIAN SAUNA Medium _ Falster Forest Nov 2021_29_2_.jpg,SCANDINAVIAN SAUNA POOL WOLLMER.jpeg